

Fundur með faghópi 1 rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma um "hugsanleg áhrif á sjó vegna virkjunarframkvæmda"

A Í greininni Vatnsföll og vistkerfi strandsjávar" sem birtist í Náttúrufræðingnum 2008, 76, 95-108, er lýst því helsta sem hefur komið fram í rannsóknum fyrri ára. Þar kom eftirfarandi fram.

Áhrif á eðliseiginleika og næringarefnabúskap strandsjávar

- Lýst var áhrifum árvatns á lagskiptingu og vægi þess í næringarefnabúskap strandsjávar einkum að vorlagi.
- Gerð var grein fyrir straummælingu í strandstraumnum sunnan Krísuvíkurbjargs.
- Styrkur næringarefna í ám hér á landi er lágur í samanburði við það sem gerist á þéttbyggðum landbúnaðar- og iðnaðarsvæðum Evrópu.
- Vægi fosfats og nitrats sem berst með ánum er almennt lítið fyrir næringarefnabúskap strandsvæða. Öðru máli gegnir um uppleysta kísilinn frá ánum, sem eykur umtalsvert við forðann og kísilþörungar geta nýtt hann.
- Uppleysing kísils úr gruggögnum hefur ekki marktæk áhrif á styrk kísils í upplausn.

Vistkerfi strandsjávar og tengsl við nytjastofna.

- Með reikningslegum aðferðum var áætluð binding ólífræna næringarefna, kísils og niturs, í þörungavef við ljóstillífun og þörungavöxt.
- Vöxtur kísilþörungna getur verið mjög ör á vorin og á grunnslóð við Suðurland gengur uppleystur kísill frá ánum til þurrðar á fáum dögum og þannig hefur árvatnið mótandi vistkerfisáhrif á afmörkuðum svæðum.
- Ár sem falla til sjávar á suðurströndinni hafa áhrif á frumframleiðni á svæðum sem eru jafnframt hrygningarslóð margra mikilvægra nytjastofna.

B Yfirstandandi rannsókn.

Verkefnasjóður sjávarútvegsráðuneytisins hefur veitt styrk 2008 og 2009 til verkefnis sem nefnt er: *Vistfræðileg tengsl ferskvatnsrennslis til sjávar og hrygningar og klaks þorsksins*. Í verkefnisstjórn eru Guðrún Marteinsdóttir, Jón Ólafsson og Árni Snorrason.

Í verkefninu eru þrjú verkþættir:

1. Staða þekkingar hvað varðar áhrif umhverfisþátta á hrygningu og klak
2. Gerð og sannprófun líkana
3. Meta samband ferskvatnsflæðis, strauma og nýliðunar þorsks